

Nd.

320. Tillaga

til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Frá meiri hluta veganefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina

- I. að endurskoða vegalögin og leggja nýtt frumvarp til vegalaga fyrir næsta þing, og
- II. að leita tekjustofna handa sýslunum til viðhalds á vegum og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.